



07.10.2008

Á grundvelli nýsettra laga grípur Fjármálefirlitið inn í rekstur Landsbankans til að tryggja áframhaldandi viðskiptabankastarfsemi á Íslandi

- Bankainnlán á Íslandi eru að fullu tryggð, eins og ríkisstjórnin hefur lýst yfir
- Útibú bankans á Íslandi, þjónustuver, hraðbankar og netbankar eru opnir
- Aðgerðirnar eru gerðar til að tryggja eðlilega bankastarfsemi innanlands

Reykjavík 07. Október 2008 - Fjármálefirlitið hefur ákveðið að nýta heimild Alþingis með vísan til laga nr. 125/2008, um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði, sem samþykkt voru á Alþingi í gærkvöldi. Fjármálefirlitið hefur skipað skilanefnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar Landsbankans.

Þetta er gert til að tryggja fullnægjandi innanlandsstarfsemi bankans og stöðugleika íslensks fjármálakerfis.

Eins og ríkisstjórnin hefur lýst yfir eru innstæður í innlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu. Útibú bankans á Íslandi, þjónustuver, hraðbankar og netbankar eru opnir. Stefnt er að því að viðskiptavinir bankans finni sem minnst fyrir breytingum.

Það er mat Fjármálefirlitsins að þessi aðgerð sé nauðsynlegt fyrsta skref til þess að ná markmiðum nýsettra laga og til að tryggja eðlilega bankastarfsemi innanlands og öryggi innstæðna á Íslandi.

Efirfarandi aðilar hafa verið skipaðir í skilanefnd:

Ársæll Hafsteinsson, hdl.,
Einar Jónsson, hdl.,
Lárentsínus, hrl.,
Lárus Finnbogason, lög. endurskoðandi,
Sigurjón Geirsson, lög. endurskoðandi.

Nánari upplýsingar veita Íris Björk Hreinsdóttir, iris@fme.is, S. 5252700 eða GSM: 869-2733 og Úrsúla Ingvarsdóttir, ursula@fme.is, S. 5252700 eða GSM: 821-4860.

[til baka](#)

Fleiri fréttir

[Almennur fyrirvari og höfundarréttur](#)

Fjármálefirlitið - Suðurlandsbraut 32 - 108 Reykjavík - Sími: +354 525 2700 - Bréfsími: +354 525 2727 - Tölvupóstur: fme@fme.is
Opíð virka daga milli kl. 9.00 - 16.00

[Byggir á LiSA vefumsjónarkerfi frá Eskli](#)